

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015, Keflavíkurhöfn, Reykjanesbæ.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 20. apríl 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015 frá 28. mars 1996.

Breytingin felst í eftirfarandi:

- Iðnaðar- og hafnarsvæði við Keflavíkurhöfn verður miðsvæði.
- Þjónustusvæði norðan Iðjustígs verður miðsvæði og stækkar til norðurs þannig að úti-vist - opið svæði minnkar.
- Merkingarnar S1 og S21 falla niður og fallið er frá að gera fyrirhugaðan veg í fram-haldi af Flugvallarvegi á milli Hafnargötu og Bakkastígs.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Reykjanesbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 20. apríl 2004.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Blönduóss 1993-2013, Arnargerði.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 20. apríl 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Blönduóss 1993-2013 frá 16. mars 1995.

Breytingin felst í stækkun á félagssvæði hestamanna til norðvesturs og suðvesturs meðfram Svínvetningabraut vegna fyrirkomulags skeiðvallar. Óbyggt svæði breytist í opið svæði (útvistarsvæði) til sérstakra nota auk þess sem lega reiðstíga breytist.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Blönduóss. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 20. apríl 2004.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.